

Gagnrýni á samninginn snýst ekki um Hlyn sem persónu, þetta er frábært verkefni og við megum að vera stolt af því að styðja við það. Hlynur Pálmason er fjölhæfur listamaður sem hefur náð árangri á alþjóðlegum vettvangi. Hlynur sagði í umsókn sinni frá því að hann væri í samstarfi við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu með námskeiðshald og kennslu, slíkt samstarf verður skólanum eflaust til framdráttar. Ef bæjarráð vill styrkja listamanninn og stuðla að atvinnusköpun í tengslum við það, eins og Hlynur hafði óskað eftir, þá eigum við að gera það opinskátt.

Sveitarfélagið á nokkur hús. Leigusamningur um hús er eitt og stuðningur við atvinnustarfsemi er annað. Ef sveitarfélagið ætlar að styðja við uppbyggingu starfsemi hjá Hlyni Pálmasyri þá er eðlilegt að gera samning um það. Mögulega getur sá stuðningur að einhverju leyti falist í niðurfellingu á húsaleigu, en við búum svo vel að eiga marga hæfileikaríka listamenn og afar marga íbúa sem eru ómetanlegir fyrir samfélagið okkar, þannig að stuðningur sem sveitarfélagið veitir þarf að vera fyrir opnum tjöldum.

Skipulag er lögboðið ferli og tilgangur með slíku ferli er ekki að skapa vesen fyrir íbúa heldur þvert á móti: með vel unnu skipulagsferli má forðast árekstra. Ég velti því fyrir mér hvort hin nýja mótorkrossbraut samrýmist þeim hugmyndum sem HP var með á lóðinni sem hann óskaði eftir að leigja. Ég leyfi mér að vísa í bréf frá Hlyni frá 15.06.2018, þar segir hann m.a. „Ég tel Hornafjörð og umhverfið við Stekkaklett afar heppilegan stað til uppbyggingar af þessum toga, en þar getur kvikmyndagerðarfolk í friði og ró lagt lokahönd á verkin sín umvafið náttúrufegurð, kyrrð, ...“

Áður hafði ég bent á að kyrrðin gæti orðið rofin af umferð þegar þjóðvegurinn færir nær Stekkakletti eins og fyrir liggur í skipulagi. – Mér skilst að Hlynur óski eftir breytingum á skipulagi Stekkakletts, en miðað við nálægð mótorkrossbrautarinnar þá tel ég ekki öruggt að skipulagsyfirvöld samþykki þær skipulagsbreytingar.

Ég vil einnig gera athugasemd við það að sveitarfélagið skuldbindi sig til að kaupa nýbyggingu sem getur verið allt að 300 m<sup>2</sup> að stærð, án þess að hafa neitt um hönnun hússins að segja. Hvernig ætlar sveitarfélagið að nýta húsið þegar þar að kemur? Sveitarfélagið hefur ekki ótakmörkuð fjárráð og hlýtur að þurfa að forgangsraða þegar kemur að framkvæmdum: við vitum til dæmis að það er þörf á uppbyggingu íþróttamannvirkja og byggingu hjúkrunarheimilis, hvernig getum við þá ákveðið að kaupa hús á kostnaðarverði án þess að neitt verð sé nefnt í því samhengi og án þess að fyrir liggi að sveitarfélagið geti nýtt húsið til hagsbóta fyrir íbúa? Ef það á að setja tugi milljóna í þennan samning, þá verður að gera hann þannig úr garði að ljóst sé hver ávinningurinn er. Þessi samningur er mjög flókinn, enda húsaleigusamningur sem er gerður á þeim forsendum að styðja við atvinnuuppbyggingu og listsköpun.